

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag Lynghæðar í landi Egilsstaða I.

Í deiliskipulaginu felst að heimilt er að reisa íbúðarhús ásamt bílgeymslu, hámarksstærð 350 m² og hámarkshæð 8,5 m, gestahús, hámarksstærð 100 m² og hámarkshæð 5,5 m, fjölnota skemmu fyrir atvinnuhúsnæði, hámarksstærð 700 m² og fjölnota útihús, hámarksstærð 600 m² hámarkshæð húsanna er 6 m.

Samþykkt í sveitarstjórn 10. ágúst 2016.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. september 2016.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 27. september 2016